

Ed.

## 824. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og tal-símakerfi Íslands (þingskj. 722).

Nefndin telur það illa farið, að háttvirt neðri deild skuli hafa felt burtu úr frumvarpinu viðauka þá, sem það fjekk hjer í deildinni undir meðferð máls-ins. Álit nefndarinnar er nú sem áður, að línan Sauðárkrókur—Siglufjörður eigi *falla rjettlætiskrófu* til að vera tekin í 1. fl. og um línuna Ísafjörður—Patreksfjörður og jafnvel fleiri línur má segja, að mikið mæli með, að þær sjeu teknar í sama flokk, þótt til þess sjeu ekki eins gildar ástæður.

Um starfrækslu stöðvanna hefir og nefndin eigi breytt skoðun sinni, og telur eigi að eins rjettlátt, að ákvæðum þeim hefði verið haldið, sem samþykkt voru hjer í deildinni um það efni, heldur líka nauðsynlegt til að reisa skorður við alt of tilfinnanlegum starfrækslukostnaði í framtíðinni, sem reynslan mun leiða í ljós, að ekki verði komist hjá að greiða af símafje þegar frá líður.

Hvorttveggja þetta hefir þó háttv. neðri deild felt burtu. Svo varkár hefir háttvirt neðri deild verið um breytingar á 9. gr. símalaganna, að hún hefir ekki fundið ástæðu til að breyta orðinu »jafnan« í 1. línu þeirrar greinar hinnar gildandi laga, sem þó þarf að gera, ef samræmi á að fást milli framkvæmdar laganna, eins og hún er og hefir verið, og lagaákvæðisins, og á þetta hafði nefndin hjer í deildinni bent á í áliti sínu.

Þótt frumvarpið hafi stórspilst í háttvirtri neðri deild og í engu minsta atriði tekið umbótum, þá vill nefndin samt ekki, eins og nú er komið tíma þings-ins, koma fram með breytingartillögur við það, af því hún eftir atvikum telur rjettara, að það nái fram að ganga, en að það falli eða dagi uppi.

Efri deild Alþingis, 8. sept. 1913.

Björn Þorláksson,  
formaður.

Jósef Björnsson,  
skrifari og framsögum.

Þórarinn Jónsson.